

Minnispunktur um próftíma í samræmdum könnunarprófum

Próftíminn er sá tími sem nemandinn fær til að vinna að prófverkefnum – svara spurningum og skrifa ritgerðir. Þar fyrir utan er sá tími sem fer í dreifingu prófhefta, leiðbeiningar til nemenda og sá tími sem fer í nafnakall.

Almenna reglan er sú að samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00. Hefjist próf fyrir eða síðar en þessar tímasetningar segja til um skal lok prófs hliðrast til í samræmi við upphafstíma fyriragnarinnar. Í 10. bekk er prófið í einni lotu en í 4. og 7. bekk er próftímanum skipt í tvennt með 20 mínútna hlé á milli próflota. Yfirlit er í töflunni hér að neðan.

Yfirlit um próftíma í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk:

	próftími	Upphaf	Lok	Hlé
10. bk.	3 klst.	09:00	12:00	Ekkert
7. bk.	140 mín. 2 * 70 mín. lotur	09:00	11:40	20 mín Hlé hefst kl.10:10 Seinni lota hefst kl. 10:30
4. bk.	120 mín. 2 * 60 mín. lotur	09:00	11:20	20 mín Hlé hefst kl.10:00 Seinni lota hefst kl. 10:20

Mikilvægt er að tímamörk séu virt.

Margir nemendur munu ekki þurfa að nýta sér allan próftímann. Próftíminn er hafður rúmur til að mæta mikilli breidd í þroska og getu þessara aldurshópa. Nemendur sem njóta stuðningsúrræða fá jafnframt lengdan próftíma.

Ætlast er til að allir nemendur í 10. bekk sitji a.m.k. klukkutíma í prófinu. Nemendum sem koma of seint er ekki leyft að hefja próf eftir að klukkutími er liðinn.

Skólar sem óska þess að hefja próf allt að hálf tíma fyrir eða síðar en kl. 9:00 geta sótt um heimild til þess hjá Námsmatsstofnun.